

Bjartsýn Films
Nesvegur 105
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 27. júní 2023
UST202306-092/P.V.B.
09.04.00

Efni: Kvikmyndataka og drónaflug á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bjartsýn films, dagsett 8. júní 2023, um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs innan Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Reykjanesfólkvangs, ströndinni við Stapa og Hellnar, Skútustaðagígar við Mývatn, Skógafoss og Snæfellsjökulsþjóðgarð.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 457/1996](#). Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 1262/2011](#). Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 660/2020](#). Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnum loftförum innan svæðisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 141/1979](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt [stjórnunar- og](#)

[verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Hverfjall er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 1261/2011](#). Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Almennings er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Skútustaðaragígjar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 399/1973](#). Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.

Ströndin við Stapa og Hellna er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 284/1988](#). Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Í [stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins](#) kemur fram að óheimilt er að nota fjarstýrð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds skv stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Óheimilt er að lenda flugvélum, þyrlum og öðrum mönnum loftförum utan skilgreindra landingarstaða innan þjóðgarðsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna/flugmódelar) er óheimil á búsvæðum fugla á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Aðrar náttúrufransóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Heimilt er að halda við mannvirkjum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar. Til að stuðla að sjálfbærri starfsemi í þjóðgarðinum er öll starfsemi sem krefst

aðstöðu innan þjóðgarðsins háð leyfi og eftirliti Umhverfisstofnunar. Starfsemi innan þjóðgarðsins skal vera í samræmi við gildandi atvinnustefnu þjóðgarðsins hverju sinni. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku á eftirfarandi svæðum: Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Geysir, Gullfoss, Reykjanesfólkvangs, ströndinni við Stapa og Hellnar, Skútustaðagígar við Mývatn, Skógafoss og Snæfellsjökulspjóðgarð. Innan þjóðgarðsins færu tökur fram á Djúpalónssandi og innan Reykjanesfólkvangs færu þær fram við Seltún. Tökulið mun halda sig innan merktra gönguleiða með þrífót og myndavél. Dróni yrði notaður innan Dimmuborga og við Gullfoss. Hámarksflughæð yrði 50 metrar. Kort sem sýnir svæðið sem flogið yrði yfir fylgdi með umsókn. Að tökunum kæmu 4 starfsmenn á einum bíl. Ekki yrði þörf á að takmarka umferð gesta um svæðin. Tökurnar færu fram á tímabilinu 27. júní til 13. júlí 2023.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðana sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Gestir svæðana gætu orðið fyrir truflunum til skamms tíma einkum þegar drónar fljúga yfir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda, sérreglum í stjórnunar- og verndaráætlun svæðana og þeim reglum sem gilda um Dettifoss, Dyrhólaey, Geysir, Reykjanesfólkvangs, ströndinni við Stapa og Hellnar, Skútustaðagígar við Mývatn, Skógafoss og Snæfellsjökulspjóðgarð sbr. auglýsingum um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar innan svæðisins hafi það ekki truflandi áhrif á aðra gesti svæðana.

Umhverfisstofnun veitir Sunna Jóna Guðnadóttir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og drónflugi innan Dimmuborga og við Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 27. júní til 13. júlí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.

- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef fálkar eru á flugi í eða við Dimmuborgir meðan tókur fara fram er óheimilt að setja drónann á loft.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur